

IV.

En kynstofninn lifir
 þó aldirnar yfir
 ef andinn er sannfrjáls og hugurinn djarfur,
 ef sýnum í verki
 þess varanleg merki,
 að veglyndi' og þrek sé vort tannfé og arfur.

Og, Ísland, lát skína
 oss skrautkápu þína,
 svo heímtist þér börnin þín heim yfir æginn.
 Lát snætinda gnæfa,
 svo skjálfandi skræfa
 brott skelfist, og hverfi um aldur í sænn.

Lát hljóðfall og hending,
 lát hafnstæði og lending
 af vitsmunum skipast og vilja úr stáli.
 Lát drenglyndið vaka.—
 þá síður mun saka,
 þótt sífelt ei fylgi þér allir að málí.

V.

Í öllum löndum eru tímamót,—
 hjá ýmsum stærri' í dag en kannske' á morgun,—
 er fjöldinn vaknar upp við hark og hót
 og heimtar sína þúsund ára borgun
 af okurstjórn, er etur landsins gæði,
 en eftir skilur naumast sultarfæði.

Og, Ísland, þú varðst þrælatökum háð,
 og þrautasporum mörkuð var þín saga.